



Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 25. apríl 2020

**Efni: Frumvarp til laga um Matvælasjóð, 728. mál. Samantekt umsagnar Samtaka iðnaðarins á fjarfundi nefndarinnar 23. apríl.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) fengu boð að sitja fund atvinnuveganefndar sem haldinn var fimmtudaginn 23. apríl kl. 09:00 þar sem fjallað var um frumvarp til laga um Matvælasjóð, 728. mál. Á fundinum fengu samtökin tækifæri á því að greina frá helstu athugasemdum sínum við frumvarpið og einnig gefin kostur á að senda nefndinni samantekt að fundi loknum. Samtök iðnaðarins þakka atvinnuveganefnd fyrir boðið og fundinn. Athugasemdir sem Samtökin iðnaðarins gerðu á fundinum sneru einna helst að samráðsleysi ráðuneytisins við undirbúningi á frumvarpinu og við tillögu á skipan í stjórn Matvælasjóðs.

Samtökin fagna engu að síður góðri fyrirætlan stjórnvalda með stofnun Matvælasjóðs sem og þeim auknu fjármunum sem settir eru í nýsköpunar við framleiðslu og vinnslu matvæla til að mæta samdrætti vegna COVID-19.

Útskýringar með athugasemdum Samtaka iðnaðarins:

**Stofnun Matvælasjóðs.**

Eins og bent er á í greinargerð frumvarpsins var upphaflega lagt til að stofna Matvælasjóð með frumvarpi til laga um ýmsar breytingar á lögum á sviði matvæla, 318. mál, sem varð að lögum nr. 144/2019. Í framhaldsnefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar var lagt til að þau ákvæði frumvarpsins, sem mældu fyrir um stofnun Matvælasjóðs, yrðu felld brott og áhersla lögð á að áfram yrði unnið að undirbúningi stofnun sjóðsins innan ráðuneytisins. Ákvæði um sjóðinn voru felld úr frumvarpinu.

Samtök iðnaðarins gera athugasemdir við að frá þeim tíma, og þar til frumvarp um Matvælasjóð er lagt fram, hafa fáar sem engar breytingar átt sér og er því frumvarp um stofnun Matvælasjóðs nær óbreytt frá því 1. nóvember 2019.

Vel fer á að atvinnuveganefnd hafi fellt ákvæði um stofnun Matvælasjóðs úr fyrra frumvarpi enda um að ræða tillögu að sjóði þar sem hlutverk og reglur um úthlutun voru ekki nægilega útfærð. Það skýtur því skökku við að nýtt frumvarp um stofnun Matvælasjóðs sé samhljóða og ákvæði fyrra frumvarps. Um er að ræða eins konar rammalöggjöf en án nægjanlegrar stefnumótunar. Samtökin telja að marka þurfi með skýrari hætti hlutverk sjóðsins þar sem tekið er mið af nýlegri stefnu stjórnvalda í málefnum nýsköpunar auk áherslu stjórnvalda á eflingu matvælaframleiðslu hér á landi sem birtist von bráðar í Matvælastefnu ríkisins. Útlista þar jafnframt nánar með hvaða hætti er ætlað að ná fram hlutverki sjóðsins við að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi.



Ef ætlunin er að hafa mismunandi áherslur við hverja úthlutun úr sjóðnum væri best að tilgreina það a.m.k. í greinagerð frumvarpsins og þá með hvaða hætti það er ákveðið. Samtökin gera sér grein fyrir að verið er að sameina sjóði og lögfesta til að koma til móts við góða stjórnsýsluhætti en telja aftur á móti að vanda þurfi til verka við breytingu á styrkjafyrirkomulagi á sviði matvælaframleiðslu. Gæta þarf þess að sjóðurinn styðji við stefnumörkun stjórvalda sem og að lagagrundvöllur sjóðsins sé sterkur.

### **Samráð**

Gerðar eru athugasemdir við að SI hafi ekki fengið að sitja að borði við það litla samráð sem ráðuneytið hafði við gerð frumvarpsins. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að ráðuneytið hafi einungis haft samráð, haustið 2019, við þá er standa að baki þeim sjóðum sem á að sameina skv. frumvarpinu, Framleiðnisjóð landbúnaðarins og AVS-sjóð. Samtök iðnaðarins, sem hafa fjölmörg matvælaframleiðslufyrirtæki innan sinna raða, fengu ekki að koma að sínum sjónarmiðum varðandi breytingar á styrkjafyrirkomulagi á sviði matvælaframleiðslu.

Harma samtökin að ekki hafi verið gætt að breiðu samráði við móton áherslna hins nýja sjóðs enda má telja að markmið frumvarpsins sé mun víðtækari en markmið þeirra tveggja sjóða sem á að sameina. Sjóðinum skv. frumvarpinu er ætlað að styrkja verðmætasköpun í þróun, vinnslu og markaðssetningu matvæla úr landbúnaði og sjávarútvegi. Telja samtökin að betur hefði farið á að heyra einnig sjónarmið þeirra aðila/hagsmunafélaga sem heyra undir úrvinnslu og markaðssetningu matvæla.

### **Stjórn**

Það er skoðun samtakanna að ráðuneytið hafi látið þróng sjónarmið sín um stofnun Matvælasjóðs endurspeglast í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins, um stjórn sjóðsins. Samkvæmt frumvarpi skal Matvælasjóður lúta stjórn fjögurra einstaklinga, einum tilnefndum frá Bændasamtökum og einum tilnefndum af Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi. Þá skulu tveir skipaðir af ráðherra án tilnefningar.

Samtökin telja í ljósi markmiða Matvælasjóðs, ótækt að fulltrúar vinnsluaðila landbúnaðar- og sjávarafurða sem starfa innan Samtaka iðnaðarins, eigi ekki fulltrúa í stjórn sjóðsins. Í þessu samhengi skal bent á að samtökin hafa verið leiðandi jafnt við að bæta samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu og auka verðmætasköpun matvæla með mikla áherslu á sjálfbærni og nýsköpun. Áherslur samtakanna fara saman við þau viðmið sem liggja eiga til grundvallar við úthlutun styrkja úr sjóðnum skv. frumvarpi. Leggja því samtökin til að SI tilnefni, auk Bændasamtakanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, fulltrúa í stjórn sjóðsins.

### **Úthlutun**


Í greinagerð með frumvarpi er þess getið að framlagning frumvarpsins sé liður í aðgerðum hins opinbera til örvinunar hagkerfisins í framhaldi af samdrætti sem orðið hefur verið vegna COVID-19. Af þeim sökum er gert ráð fyrir í fjáraukalögum 2020 að veita 500 milljóna fjárveitingu til stofnunar sjóðsins. Samtök iðnaðarins fagna mjög þessari fyrirætlan stjórvalda og styðja við hana. Bent er á að langt virðist í land þar til nýr sjóður taki til starfa og því þarf að gæta þess að umrætt viðbótarfjármagn nái tilgangi sínum og komi hið fyrsta til úthlutunar, svo ráðstöfun stjórvalda nái markmiði sínu.

### **Niðurlag**



Samtökin fagna góðri fyrirætlan stjórnvalda um aukið fé til nýsköpunar við framleiðslu og vinnslu matvæla til að mæta samdrætti vegna COVID-19 og stefnu stjórnvalda að hagræða og einfalda stuðningsumhverfi nýsköpunar á sviði matvæla. Á sama tíma er mikilvægt að stjórnvöld vandi til verka við stofnun sjóðsins. Ber frumvarpið með sér að framlagning þess sé s ætlað að bregðast við áhrifum af COVID-19 en SI leggja áherslu að það sé ekki gert á kostnað vandaðra stjórnsýslu við stofnun þess mikilvæga sjóðs sem Matvælasjóður svo sannarlega er.

Virðingarfyllst,



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Gunnar Sigurðarson".

Gunnar Sigurðarson,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði SI